



Skipulags- og umhverfisnefnd - 28.08.2014

---

58. fundur.

28. ágúst 2014 kl 10:00 -12:00

Fundarstaður: Kjarni

---

**Fundarmenn:**

Ásvaldur Ævar Þormóðsson, form.

Jóhanna Sif Sigþórsdóttir

Nanna Þórhallsdóttir

Sigurður Hlynur Snæbjörnsson

Sæpór Gunnsteinsson

**Starfsmenn:**

Bjarni Reykjalín, skipulags- og byggingarfulltrúi

(fundarritari)

---

**Dagskrá:**

1. *Nes. Stofnun nýrrar fasteignar/spildu*
2. *Tungunes. Stofnun nýrrar fasteignar/spildu.*
3. *Flúðasel í landi Böðvarsness. Deiliskipulag.*
4. *Fjósatunga í Fnjóskadal. Umsókn um að jörðin verði tekin úr landbúnaðarnotum.*
5. *Goðafoss. Umsókn um framkvæmdaleyfi*
6. *Gerði, Laugum. Umsókn um byggingarleyfi.*
7. *Kosning varaformanns og ritara.*

**1. Nes. Stofnun fasteignar/vegsvæðis.**

S20140802

Erindi dags 29. júlí 2014 frá Dagbjörtu Jónsdóttur, f.h. lögfræðideildar Vegagerðarinnar, þar sem óskað er eftir því að stofnuð verði ný fasteign/vegsvæði út úr jörðinni Nesi í Fnjóskadal í Þingeyjarsveit (landnr. 153313) vegna lagningar hringvegur í landi Ness. Einnig óskar þinglýstur eigandi eftir staðfestingu á landskiptum jarðarinnar.

Fylgigögn með umsókn eru hnitsettur uppdráttur/loftmynd dags 16. apríl 2014, beiðni landeiganda um staðfestingu á landskiptum jarðarinnar Ness og útfyllt eyðublað nr. F-550 frá Þjóðskrá.

*Skipulags- og umhverfisnefnd gerir ekki athugasemdir við stofnun fasteignarinnar/vegsvæðisins og leggur til við sveitarstjórn að hún samþykki erindið og feli skipulags og byggingarfulltrúa að annast skráningu fasteignarinnar/vegsvæðisins í fasteignagrunn Þjóðskrár.*

## **2. Tungunes. Stofnun fasteignar/vegsvæðis.**

S20140803

Erindi dags 29. júlí 2014 frá Dagbjörtu Jónsdóttur, f.h. lögfræðideildar Vegagerðarinnar, þar sem óskað er eftir því að stofnuð verði ný fasteign/vegsvæði út úr jörðinni Tungunesi í Fnjóskadal í Þingeyjarsveit (landnr. 153334) vegna lagningar hringveggar í landi Tungunes. Einnig óskar þinglýstir eigendur eftir staðfestingu á landskiptum jarðarinnar.

Fylgigögn með umsókn eru hnitsettur uppdráttur/loftmynd dags 16. apríl 2014, beiðni landeiganda um staðfestingu á landskiptum jarðarinnar Tungunes og útfyllt eyðublað nr. F-550 frá Þjóðskrá.

*Skipulags- og umhverfisnefnd gerir ekki athugasemdir við stofnun fasteignarinnar/vegsvæðisins og leggur til við sveitarstjórn að hún samþykki erindið og feli skipulags og byggingarfulltrúa að annast skráningu fasteignarinnar/vegsvæðisins í fasteignagrunn Þjóðskrár.*

## **3. Flúðasel í landi Böðvarsness. Deiliskipulag.**

S20140303.

Tekið fyrir að nýju erindi dags 17. mars 2014 frá AVH, Önnu Mægréti Hauksdóttur, f.h. landeiganda, Ingvars Kristjánssonar og Þórólfs Kristjánssonar þar sem óskað er eftir því að skilgreindur verði nýr landnotkunarreitur í Aðalskipulagi Þingeyjarsveitar 2010-2022 fyrir veiðiheimilið Flúðasel í landi Böðvarsness í Fnjóskadal og svæði þar í kring þar sem fyrirhugað er að reisa þar fimm ný smáhýsi fyrir veiðimenn. Jafnframt er óskað eftir því að landeigendum verði heimilað að láta vinna deiliskipulag af svæðinu á sinn kostnað með vísan í 2. mgr. 38. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Sveitarstjórn staðfesti afgreiðslu skipulags- og umhverfisnefndar frá 27. mars á fundi sínum 10 apríl s.l. þar sem hún samþykkti að gerðar verði breytingar á Aðalskipulagi Þingeyjarsveitar 2010-2022 í þá veru að skilgreindur verði nýr landnotkunarreitur fyrir veiðiheimili í landi Böðvarsness og að AVH ehf yrði heimilað að vinna deiliskipulag af svæðinu á kostnað landeiganda eins og 2. mgr. 38. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 kveður á um.

Aðalskipulagsbreytingin var staðfest af Skipulagsstofnun þann 26. maí og auglýsing um gildistöku breytingarinnar var birt í B-deild Stjórnartíðinda 12. júní s.l.

Innkomin ný gögn, deiliskipulagstillaga með greinargerð dags. 16. júní frá Önnu Margréti Hauksdóttur, arkitekt hjá AVH ehf.

Deiliskipulagstillagan var auglýst skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 frá og með 11. júlí til og með 22. ágúst 2014. Engar athugasemdir bárust en umsagnir bárust frá Umhverfisstofnun, Vegagerðinni, Minjastofnun Íslands og Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra.

*Skipulags- og umhverfisnefnd samþykkir tillöguna og þar sem engar athugasemdir bárust felur nefndin skipulags- og byggingarfulltrúa að annast gildistöku deiliskipulagsins eins og 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 mælir fyrir um.*

#### **4. Fjósatunga í Fnjóskadal. Umsókn um að jörðin verði tekin úr landbúnaðanotum.** S20140401

Erindi dags. 18. júlí 2014 frá Helga Erni Eypórssyni f.h. SS-Byggis ehf þar sem óskað er eftir því að öll jörðin Fjósatunga verði tekin úr landbúnaðanotum. Fylgigögn með umsókn eru loftmynd sem sýnir afmörkun jarðarinnar og kynningargögn vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Byggingaráform voru kynnt fyrir oddvita, formanni skipulags- og umhverfisnefndar og skipulags- og byggingarfulltrúa á fundi 17. júlí s.l.

*Skipulags- og umhverfisnefnd tekur jákvætt í tillögurnar sem kynntar voru á fundinum og samþykkir fyrir sitt leyti að jörðin verði tekin út landbúnaðanotum og leggur til við sveitarstjórn að erindið verði samþykkt.*

#### **5. Goðafoss. Umsókn um framkvæmdaleyfi.** S20140602

Erindi dags 25. ágúst 2014 frá Helgu A. Erlingsdóttur, verkefnisstjóra Goðafossverkefnisins, þar sem sótt er um framkvæmdaleyfi vegna stígagerðar og framkvæmda við bílastæði við Fosshól austan Skjálfafljóts. Fyrirhugaðar framkvæmdir sem eru samræmi við fyrirbyggjandi drög að deiliskipulagi eru háðar samþykki landeiganda og Vegagerðarinnar

*Skipulags- og umhverfisnefnd leggur til við sveitarstjórn að erindið verði samþykkt og að hún feli skipulags- og byggingarfulltrúa að gefa út framkvæmdaleyfi vegna fyrirhugaðra framkvæmda þegar samþykki viðkomandi aðila liggur fyrir.*

#### **6. Gerði, Laugum. Umsókn um byggingarleyfi.** S20120403

Erindi dags 26. ágúst 2014 frá Baldri Danielssyni þar sem hann sækir um byggingarleyfi að 25 m<sup>2</sup> gestahúsi úr timbri (bjálkahús) á lóð sinni Gerði, Laugum í Reykjadal. Fylgigögn með umsókn eru bygginganefndarteikningar, undirstöðu- og burðarvirkisteikningar ásamt ljósmyndum af sambærilegu húsi.

*Skipulags- og umhverfisnefnd, leggur til við umsækjanda að stefna hússins verði í samræmi við önnur hús á svæðinu en gerir ekki aðrar athugasemdir við erindið á þessu stigi. Nefndin felur skipulags og byggingarfulltrúa að grenndarkynna erindið fyrir nágrönnum sem taldir eiga hagsmuna að gæta eins og 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 mælir fyrir um.*

## **7. Kosning varaformanns og ritara.**

Kosning varaformanns og ritara.

*Nefndin samþykkir að Nanna Þórhallsdóttir verði varaformaður og Hlynur Snæbjörnsson ritari.*

*Fundi slitið.*